

Hvatning til fyrirtækja í SA um samstöðu

Aðildarfyrirtæki Samtaka atvinnulífsins eru eindregið hvött til þess að standast þrýsting um að greiða launahækkanir frá 1. mars 2009.

Samkvæmt nýgerðum samningi milli SA og ASÍ, sem einhugur ríkti um innan SA og studdur var af yfirgnæfandi meirihluta innan ASÍ, er launahækkunum frestað til 1. júlí og í júní verður tekin ákvörðun um framlengingu samninga eða með hvaða hætti það gerist. Frestun hækkana er því samningsbundin og hluti af kjarasamningi og því er það rangt að segja að fyrirtæki sem hækka laun nú séu að standa við gerða samninga. Þau eru að greiða umfram þá skyldu sem í samningunum felst.

HB Grandi varð fyrir miklum árásum vegna ákvörðunar um arðgreiðslur og m.a. blandaði forsætisráðherra sér í leikinn. Líta verður á ákvörðun HB Granda um launahækkanir frá 1. mars sem algjörlega einangrað mál sem ekki skapar nein fordæmi. Það sem eftir stendur er að fyrirtækjum vantar útskýringu frá forsætisráðherra á því hvað sé siðleg ávöxtun eiginfjár og arðgreiðslur í atvinnulífi, sérstaklega á tímum þegar stjórnvaldsákvarðaðir vextir reka flóttann inn á atvinnuleysisskrárnar.

Samtök atvinnulífsins hafa boðað stjórnir aðildarfélaga til sérstaks fundar þann 14. apríl til þess að fara yfir málin í heild.

Mjög mikilvægt er að taka ekki skyndiákvarðanir nú um launahækkanir sem geta auðveldlega grafið undan samningi SA og ASÍ um frestun launahækkana. Mikil hætta er á að hækkanir nú, undir þrýstingi, flæði yfir á fyrirtæki óháð stöðu þeirra og leiði til meiri vandræða en orðin eru í atvinnulífinu með fleiri uppsögnum og verðhækkunum.

Auðveldlega getur sú staða komið upp að Samtök atvinnulífsins hrekist í að framlengja ekki kjarasamningum frá 1. júlí þannig að engar hækkanir verði umsamdar frá þeim tímapunkti en allir kjarasamningar lausir með mikilli óvissu um framhald mála á vinnumarkaði. Möguleikar á framlengingu byggjast á samstöðu í atvinnulífinu og svigrúmi til þess að aðlagja kjarasamningana að þeim aðstæðum sem nú ríkja.

Reykjavík 24. mars 2009

Vilhjálmur Egilsson